

Fundargerð aðalfundar Málvísindastofnunar 30. maí 2024 kl. 14.30 í Eddu

Á fundinum voru: Kolbrún Friðriksdóttir (formaður), Guðrún Þórhallsdóttir, Lilja Björk Stefánsdóttir, Stefanie Bade, Rannveig Sverrisdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Margrét Jónsdóttir.

Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. ársreikningar og ársskýrsla fyrir 2023 og umræður um ýmis mál. Borin var upp tillaga á fundinum um aðkomu Málvísindastofnunar að útgáfu Íslensks máls og almennrar málfræði. Þannig lagði stjórnin til að stofnunin styrkti útgáfuna til þriggja ára, 2024-2027, um 500.000 kr. á ári sem nemur ritstjórnarkostnaði, eða alls um 1.500.000 kr. Skuldbinding þessi yrði gerð með þeim fyrirvara að fjárhagsstaða stofnunarinnar stæði undir henni umsamið tímabil. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Á aðalfundinum kom til stjórnarkjörs. Gerð var tillaga um að eftirfarandi félagar skipuðu nýja stjórn 2024-2027: Kolbrún Friðriksdóttir formaður, Iris Edda Nowenstein fulltrúi kennara, Lilja Björk Stefánsdóttir fulltrúi doktorsnema og Stefanie Bade varamaður. Tillagan var samþykkt samhljóða. Guðrúnu Þórhallsdóttur, sem verið hafði varamaður og fulltrúi kennara í fráfarandi stjórn, voru þökkuð vel unnin störf við stofnunina.

Formaður hvatti viðstadda til að huga að styrkjamöguleikum Málvísindastofnunar sem gætu stutt við fyrirbyggjandi verkefni eða til þess að hefja vinnslu nýrra verkefna.

Fundi slitið kl. 16.55.